



Áhyggjuefni að sjá unglinga draga upp hnífa

Lögreglumaðurinn Skúli Jónsson varði markið á yngri árum en er kominn með golfbakteríuna

## FLJÓTLEGGRI KOSTURINN

Mexíkóskt þema í kvöld?



Opnunartími  
Hringbraut:  
Allan sólarhringinn  
Opnunartími  
Tjarnabraut:  
08.00 - 23.30 Virka daga  
09.00 - 23.30 Helgar

  
Krambúðin



# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 22. NÓVEMBER 2023 // 44. TBL. // 44. ÁRG.



Ljósmynd: Eggert Jóhannesson

# ÓVISSUÍTÍMAR

■ Miklar líkur taldar á eldgosu ■ Unnið í húsnæðismálum Grindvíkinga ■ Sjá umfjöllun um hamfarirnar á síðum 2, 4, 12, 13 og 16 ■ Sjá einnig vf.is

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

 **ALLT**  
FASTEIGNASALA



DÍSA  
DISA@ALLT.IS  
560-5510



ÁSTA MARÍA  
ASTA@ALLT.IS  
560-5507



HELGA  
HELGA@ALLT.IS  
560-5523



ELÍNBOG ÓSK  
ELINBOG@ALLT.IS  
560-5509



UNNUR SVAVA  
UNNUR@ALLT.IS  
560-5506



ELÍN  
ELIN@ALLT.IS  
560-5521



HAUKUR  
HAUKUR@ALLT.IS  
560-5525



SIGURJÓN  
SIGURJON@ALLT.IS  
560-5524



PÁLL  
PALL@ALLT.IS  
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



**SORPTUNNU FEFSTINGAR**

Sími 898 6111

Sólarhringsvakt!

**vf.is**

# Þjónustumiðstöð fyrir Grindvíkinga opnuð í Tollhúsinu



Þjónustumiðstöð Almanna- og Grindvíkinga var opnuð 15. nóvember síðastliðinn vegna jarðhræringa á Reykjanesi og er hún staðsett í Tollhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík. Miðstöðin er opin alla virka daga kl. 10-18. Undanfarna daga hefur starfsemin og þjónustan tekið nokkrum breytingum og dag hvern er verið að auka við þjónustuna svo að þjónustumiðstöðin geti sem best komið til móts við þarfir íbúa Grindavíkur. Verkefni þjónustumiðstöðvar til þessa hafa einkum falist í stuðningi við íbúa Grindavíkurbæjar og aðra sem á einhvern hátt hafa orðið fyrir áhrifum jarðhræringanna á Reykjanesi og er komin upp góð aðstaða fyrir börn og barnafjölskyldur. Grindvíkingar hafa í ríkum mæli nýtt sér þjónustuna sem í boði er og sú þjónusta vex með degi hverjum. Fleiri myndir má sjá á vef VÍKURFRÉTTA, vf.is. VF/pket

+

Ástkær eigenmaður minn, faðir, stjúpaðir, tengdafaðir og afi,

**ELLERT EIRÍKSSON,**  
fv. bæjarstjóri,  
Hjallalaut 11, 230 Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 12. nóvember.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 23. nóvember kl. 13. Athöfninni verður streymt á <https://www.facebook.com/groups/ellert> þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

**Guðbjörg Á. Sigurðardóttir**  
Guðbjörg Ósk Ellertsdóttir  
Jóhannes Ellertsson  
Elva Ellertsdóttir  
Sigurður Ingi Kristófersson  
Una Björk Kristófersdóttir  
Páll Kristófersson  
og barnabörn.

**Katrín Guðjónsdóttir**  
Gústaf A. Skúlason  
Hanna María Kristjánsdóttir  
Birgir A. Sanders  
Dóra Eggertsdóttir

## Kjartan stýrir starfshópi um nýtt húsnæði fyrir Grindvíkinga

„Við erum að horfa á lausnir í húsnæðismálum fyrir Grindvíkinga til lengri tíma með áherslu á uppbyggingu nýrra húsnæðiseininga og munum skila af okkur skýrslu í lok janúar 2024,“ segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, en hann var skipaður formaður starfshóps um framboð húsnæðis fyrir Grindavíkinga vegna afleiðinga náttúruhamfarna þar.



við að tala um nærliggjandi sveitarfélög og höfuðborgarsvæðið. Önnur sveitarfélög verði skoðuð eftir þörfum. Í þessu þarf að meta kostnað, innkaupaferli og annað sem tengist slíkri uppbyggingu m.a. skipulagslega þætti og laga-

umgjörð.“ Í Grindavík eru um tólfhundrað heimili og af þeim þurfi að horfa til um helmingis þeirra. Brýn þörf er hjá um þrjú hundrað þeirra.

Í starfshópnum sem Kjartan leiðir eru m.a. Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur, og Einar Þorsteinnsson, formaður borgarráðs Reykjavíkur, auk tíu annarra valinkunnra einstaklinga úr ráðuneytum og stofnunum.



## Borun hafin fyrir varavatsnból fyrir Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ

Í tengslum við jarðhræringar og eldgos á Reykjanesi og möguleg áhrif þeirra á vatnsbólið að Lágum við Svartsengi, sem sér bæði Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ fyrir neysluvatni, hafa HS Veitur unnið að því í samvinnu við bæjarstjóra Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar og stjórnvöld að gera ráðstafanir til þess að koma upp varavatsnbóli við Árnarétt í Gardi. Það á að nýtast þeim 25 þúsund íbúum og fyrirtækjum sem eru í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.

Ljóst er að verði neysluvatnslaust vegna náttúruhamfara yrðu afleiðingarnar neyðarástand þar sem neysluvatn er grunn forsenda þess að hægt sé að halda uppi búsetu og atvinnustarfsemi á svæðinu. Því er mikilvægt að tryggja svæðinu öruggt aðgengi að neysluvatni.


Hefur fyrirtækið mætt góðum skilningi frá stjórnvöldum um flýtimeðferð á tilskyldum leyfum til að hefja framkvæmdir við borun og uppsetningu varavatsnbóls fyrir íbúa þessara sveitarfélaga. Öll tilskilin leyfi liggja nú fyrir. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir taki um þrjár vikur frá því að borun hefst þar til búíð er að koma upp nauðsynlegum dælubúnaði sem skilað getur vatninu inn í dreifikerfi vatnsveitunnar.

Samhliða þessu hefur Grindavíkurbær í samstarfi við HS Orku unnið að undirbúningi varavatsnbóls fyrir vatnsveitu Grindavíkurbæjar, segir í tilkynningu frá HS Veitum.

**Allt hreint**  
Umhverfissvöttuð ræstingarþjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [ALLTHREINT.IS](http://ALLTHREINT.IS)



## Uppfært kort fyrir hættusvæði

Veðurstofa Íslands hefur uppfært hættumatskort fyrir svæðið í kringum Grindavík og Svartsengi. Út frá nýjum gervitunglamyndum af Svartsengi og kvikuganginum ásamt gögnum sem voru til umræðu með almannaöörnum, sérfræðingum frá Veðurstofunni og Háskóla Íslands hefur hættusvæðið verið stækkað frá því áður.

Hættusvæðin eru þrjú eins og sjá má á kortinu. Almannaöörnir og Lögreglustjórnin á Suðurnesjum hafa kortið til hlidsjónar í skipulagninu fyrir svæðið.

Á hættusvæði C, sem er litlað fjólublátt á kortinu, er aukin hættu vegna eldgosavár eins og á hættusvæði B, þó auknar líkur á gosopnun, auknar líkur á hættulegri gasmengun. Gæta þarf að flóttaleiðum, bera gasmæla og gasgrímur ef farið er inn á svæðið.

**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**

**SUÐURNES - REYKJAVÍK**  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**ARGOFLUTNINGAR.IS**

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

# MYRK HELGI!

Heill frosinn kjúklingur (1,2 kg) með 40% afslætti



**599**  
kr./stk.



Skannaðu  
til að dansa!



Gildir 23.-26. nóvember meðan birgðir endast.

nettó



MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGAFU VÍKURFRÉTTA

## Tjón á mikið skemmdum húseignum í Grindavík metið

Náttúruhamfaratrygging Íslands var með tvo hópa matsmannateyma í Grindavík um liðna helgi sem fóru með eigendum í sín hús til að meta tjón í nokkrum eignum sem eru mikið skemmdar.

Náttúruhamfaratrygging Íslands var í sambandi við eigendur þessa íbúa en ekki er farið inn í nein hús án þess að eigendur eða fulltrúar þeirra séu viðstaddir.

Annað teymi á vegum Náttúruhamfaratryggingar hefur farið

með HS Veitum að húsum þar sem heitavatnsnotkun hefur verið óeðlilega mikil undanfarið, með það fyrir augum að finna út úr því hvort um sé að ræða leka í eða við hús.

Um tuttugu eignir voru skoðaðar um liðna helgi en þá var ákveðið að láta staðar numið enda menn í miðjum atburði og sprungur enn að myndast og ljóst að meira tjón getur orðið.



Ljósmyndarinn Kjartan Þorbjörnsson, Gollí, var í Grindavík og myndaði aðgerðir.



Reykjanes Optikk



Við erum á Aðaltorgi - verið velkomin!

Áratuga reynsla Sjónmælingar  
Góð þjónusta Linsumælingar  
Falleg vara Sjónþjálfun  
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímamantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu [www.reykjanesoptykk.is](http://www.reykjanesoptykk.is)  
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptykk.is

## Fjölmennt samverustund í Keflavíkarkirkju



MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGAFU VÍKURFRÉTTA

Fjölmennt var í samverustund fyrir Grindvíkinga og þau sem vilja sýna þeim samhug og styrk, í Keflavíkarkirkju á sunnudaginn. Sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavíkarkirkju, leiddi stundina. Þá sungu meðlimir úr kór Grindavíkarkirkju undir stjórn Kristjáns Hrannars organista. Sóknarfólk úr Grindavík flutti bænir í lok athafnar. Þá flutti prestur kaþólsku kirkjunnar á Suðurnesjum, séra Mikolaj Kecik, bæn og hugvekju. Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, og Fannar Jónasson, bæjarstjóri, fluttu ávörp. Grindavíkarkirkja minnir á [afallahjalp@kirkjan.is](mailto:afallahjalp@kirkjan.is) eða hafa samband við prest þar sem hægt er að fá samtal, samfylgd í gegnum óvissu og erfiða reynslu.



## Vinna að gerð varnargarða í Svartsengi með öflugustu tækjum landsins

Unnið er allan sólarhringinn að gerð varnargarða við Svartsengi. Stórvirkar vinnuvélar ýta og moka upp efni í varnargarða. Meðal annars er stærsta og öflugasta jarðýta landsins að störfum í Svartsengi núna. Það er Caterpillar D11, tæki sem vegur 104 tonn og er með sex metra breiða tönn. Efni er flutt að Þorbirni með vörubílum úr námum. Þaðan er efninu svo mokað á búkollur sem flytja það ofar í hlíðina austan við Svartsengi. Þar er verið að verja orkuverið fyrir hugsanlegu eldgosi frá kvikugangnum eins og hann er.

A upplýsingafundi Almannaþingarinnar á mánudaginn sagði Víðir Reynisson, sviðsstjóri almannaþingarinnar hjá

Ríkislögreglustjóra, að gert sé ráð fyrir að vinna við varnargarða umhverfis Svartsengi taki þrjátíu til fjörutíu og fimm sólarhringa. Áherslan sé núna austan Svartsengis en einnig verður haldið áfram að reisa varnargarð vestur fyrir orkuverið og Bláa lónið. Verkefnið sé brotið upp í margar einingar og margir þættir þess í gangi á sama tíma.

Á upplýsingafundi Almannaþingarinnar á laugardag kom fram að búið er að hanna varnar- og leiðigarða sem er ætlað að verja byggðina í Grindavík. Hins vegar er ekki ráðlegt að hefja vinnu við þá fyrir en ljóst er, ef af verður, hvar eldgos komi upp.



MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGAFU VÍKURFRÉTTA

Unnið við gerð varnargarða austan við Svartsengi. Orkuverið í baksýn. Mynd/Vilhelm Gunnarsson



Frá vinnu við varnargarða í Svartsengi. Myndir/Gollí



Ánægjan  
er öll okkar

# Við lengjum opnunartímann

Við lengjum opnunartímann  
okkar í Reykjanesbæ:

Mánudaga til fimmtudaga  
9:00 til 16:00

Föstudaga  
9:00 til 15:00

Sjóvá er efst tryggingafélaga  
í Íslensku ánægjuvuginni  
— sjötta árið í röð.



**SJÓVÁ**

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



J A R P U T Ö R U T Ý Ð R A J  
 A A P Ó T E K A L L I M A K S  
 R Æ R S R U M Í R G S A G P E  
 Ð A L Ð M É R U G R A Ö R Ú V  
 F R Ú H A L L R Ó S U U Ú M R  
 R U Ð É R A S S O K N R S T U  
 Æ G K S L L E F A G A H K S L  
 Ð U A A R H J É U S Ó M A T U  
 I H G R U K Y S N Ó B E L S D  
 N M N A H S V A G A S A L Ó J  
 G A U T I Æ Ð R U L E Y S I T  
 U S T Ú Ð É Ð I S Ú H K Y E R  
 R Æ Ð I S M A Ð U R Ó M S A T  
 A P E N A S R U D N E K S L E  
 P R A G Í G A K Ú N H D N U S

JARÐÝTUR  
 SPRUNGUSVÆÐI  
 HAGAFELL  
 SAUNA  
 ÆÐRULEYSI  
 JARÐFRÆÐINGUR  
 SUNDHNÚKAGÍGAR  
 RÆÐISMAÐUR  
 GASGRÍMUR  
 SAMHUGUR

SYKUR  
 KOSSAR  
 GRÚSKA  
 JARÐA  
 APÓTEK  
 ELSKENDUR  
 JÓLASAGA  
 TUNGA  
 REYKHÚSIÐ  
 DULUR

Gangi þér vel!



Fjölmenntútför séra Sigfúsar frá Keflavíkurkirkju

Útför séra Sigfúsar Baldvins Ingvasonar var gerð frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 17. nóvember að viðstöddu fjölmenni. Séra Davíð Baldursson jarðsöng. Organisti var Kristján Hrnannar Pálsson. Píanóleik fyrir athöfn annaðist Helgi Hannesson. Lesarar við útförina voru séra Sigríður Guðmundsdóttir, Magnea Sverrisdóttir djákni og séra Hans Guðberg Alfreðsson. Félagar úr Kór Keflavíkurkirkju önnuðust söng en einsöngvarar voru Þóra Gísladóttir, Sólmundur Friðriksson, Elmar Þór Hauksson, Sara Dögg Eiríksdóttir og Ásdís Rósa Gunnarsdóttir. Umsjón útfarar var í höndum Útfararþjónustu Suðurnesja.



Jólabasar  
 FEBS

Hinn árlegi jólabasar FEBS verður haldinn á Nesvöllum föstudaginn 1. Desember kl. 13.30. Hverskonar handverk, kökur og fleira verður til sýnis og sölu. Þá er boðið upp á huggulega tónlist og kaffi og rjómaterta í kaffihúsinu á staðnum. Hlökkum til að sjá ykkur sem flest. Basarnefndin.

SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**  
 Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is  
 Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bíla viðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**  
**BÍLAR & PARTAR**  
 Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík  
**sími 421 7979**  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**  
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu  
 Opið: **11-13:30** alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á  
**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA  
 Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu  
**HEYRN.IS**  
 HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF  
 Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

**Hvað á að gera við Maron GK?**  
 Jæja, loksins komin brælutíð. Þessi nóvembermánuður er búinn að vera vægast sagt mjög góður því veður hefur verið gott og það gott að meira segja handfærabátarnir hafa getað róið. Reyndar hafa þeir ekki svo margir farið djúpt út, eins og út við Eldey þar sem helst er hægt að fá úfsa.  
 Þeir færabátar sem hafa róið eru til dæmis Agla ÁR með 1.8 tonn í þremur róðrum, Guðrún GK með 1.4 tonn í tveimur róðrum, Særós ST með 2.7 tonn í þremur, Hafdalur GK með 590 kíló í einni löndun, Dímon GK með 2,7 tonn í í þremur róðrum og Bliki KE með 331 kíló í einni löndun. Allir þessir bátar lönduðu í Sandgerði, síðan var Grindjani GK með 823 kíló.  
 Það er búið að vera frekar rólegt yfir netaveiðunum því einungis hafa bátar á vegum Hólmgríms verið á veiðum en hann er með þrjá báta núna, leigir Friðrik Sigurðsson ÁR og síðan eru Addi Afi GK og Sunna Líf GK líka að veiða fyrir hann.  
 Stutt er í að Erling KE fari á veiðar því báturinn er kominn úr slipp eftir yfirhalingu og málningarvinnu. Erling KE liggur í Njarðvíkurhöfn og þar er líka bátur sem á sér mjög langa sögu í útgerð, ekki bara á Suðurnesjunum heldur líka á Íslandi. Þessi bátur er með skipaskrárnúmerið 363 og er búinn að vera í eigu Hólmgríms síðan 2007 og heitir Maron GK. Ákaflega fallegur bátur en það kom upp bilun í spillbúnaði bátsins í ágúst og hefur báturinn síðan legið við bryggju í Njarðvík og líklegast er tími bátsins búinn. Maron GK er einn af elstu stálbátum Íslands, hann er smíðaður í Hollandi árið 1955 og reyndar er annar bátur til á Íslandi sem er gerður út frá Drangnesi og heitir sá bátur Grímsey ST. Ég á reyndar eftir að kanna betur hvor báturinn er eldri, Maron GK eða Grímsey ST. Maron GK kom fyrst til Saudárkróks og hét þá Búðafell SU og var þar til 1965 þegar að báturinn var seldur til Grindavíkur og hét þá Hópsnes GK 77 til 1969 og síðan Hafberg GK til 1972. 1972 til 1975 hét báturinn Torfhildur KE.  
 Báturinn yfirgaf Suðurnesin í smá tíma frá 1975 til 1980 þegar að hann hét Bjargey SH frá Rífi og síðan Þróstur ÍS frá 1980 til 1982. Báturinn kom aftur til Suðurnesja seint á árinu 1982 og hét þá Þróstur KE. Hann var með því nafni til 1991 þegar að Einar Magnússon keypti bátinn og þá fékk hann nafnið Ósk KE 5. Einar veiddi mjög vel á Ósk KE og náði stundum að veiða yfir eitt þúsund tonn á ári. Aðalveiðarfærið sem Einar var með á bátnum var net, nema yfir sumarið þegar að báturinn var á humartrolli. Nesfiskur keypti bátinn árið 2003 og var með bátinn til 2007 og þá hét hann Þórunn GK.  
 Hólmgrímur keypti bátinn árið 2007 og þá kom nafnið Maron GK á bátinn og hefur haldist á honum síðan þá. Skipstjóri á Maroni GK var lengst af Birgir Sigurðsson eða Biggi eins og hann er kallaður.  
 Sem sé, 68 ára gamall bátur sem á sér stóra sögu í útgerð á Suðurnesjunum en hvað verður um bátinn? Að mínu mati ætti að varðveita bátinn, ekki að henda honum í brotajárn. Báturinn er jú einn elsti stálbátur landsins sem er í útgerð. Hann á sér mjög langa útgerðarsögu á Suðurnesjunum, hefur verið ákaflega fengsæll og farsæll alla sína útgerðartíð.  
 Á Suðurnesjum eru núna tveir bátar varðveittir, báðir eru þeir eikarbátar. Baldur KE sem er við DUUS hús og Hólmsteinn GK sem er í Garðinum. Báðir þessir bátar er líka merkilegir. Baldur GK var til að mynda fyrsti báturinn á landinu sem hóf að stunda veiðar með tógi í staðinn fyrir stálvíra á dragnót. Hólmsteinn GK var einungis með tvö nöfn sína útgerðartíð og alla tíð gerður út frá Suðurnesjunum og var Sandgerði aðal löndunarhöfn bátsins.  
 Skipaskrárnúmerið 363, fyrrum Ósk KE, Hafberg GK, Hópsnes GK, Torfhildur KE og Maron GK á alveg heima í þessum hópi líka. Þó svo að báturinn líti ekki út eins og hann var upprunalega, er hann enn glæsilegur og Hólmgrímur hefur í þau 16 ár sem hann hefur gert út bátinn, hugsað mjög vel um hann.  
 Þannig að Einar og Hólmgrímur sem og fleiri, takið nú höndum saman og hendið bátnum uppá land, til að mynda við Byggðasafnið í Garðinum, þar myndi báturinn sóma sér mjög vel rétt hjá Hólmsteini GK.

# BJARTIR DAGAR

23. -27. nóvember

ALLT AÐ 50%  
AFSLÁTTUR  
AF VÖLDUM  
VÖRUM



Skannaðu kóðann  
á fimmtudag og  
skoðaðu tilboðs-  
bæklinginn



**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

# Áhyggjuefni að sjá unglinga draga upp hnífa

## LÖGREGLUMAÐURINN SKÚLI JÓNSSON VARÐI MARKIÐ Á YNGRI ÁRUM EN ER KOMINN MEÐ GOLFBAKTERÍUNA

„Starfið gengur út á að hjálpa fólki en vissulega kemur fyrir að við þurfum að beita því valdi sem við höfum en það er í raun undantekningin,“ segir Skúli Jónsson, lögreglumaður en blaðamaður Víkurfrétta hitti Skúla föstudaginn 10. nóvember, sama dag og hamfarirnar áttu sér stað í Grindavík. Þar sem Skúli á mikla tengingu við Grindavík var hann í vafa hvort viðtal við sig væri við hæfi en eftir fortölur var hægt að sannfæra hann um að viðtal, alls ótengt ástandinu í Grindavík, ætti vel við á þessum tímapunkti. Skúli varði mark Grindvíkinga um tíma í fótbolta, gerðist snemma lögreglumaður og hefur fært sig um set innan lögreglunnar, er á lögreglustöð 2 á höfuðborgarsvæðinu. Skúli byrjaði í golfi fljótlega eftir að knattspyrnuferlinum lauk og dreymir um að geta iðkað það áhugamál með Brynju konu sinni, um ókomna tíð.

### VF VIÐTALIÐ

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vt.is



Skúli er fæddur í Keflavík í febrúar árið 1964 og því er stutt í stórt sex-tugsafmæli en litlu munaði að komandi afmæli væri einungis einn fjórði í árum talið. „Það munaði einum degi að ég hefði fæðst á hlaupaári, ég fæddist að kvöldi 28. febrúar og það ár voru dagarnir 29 í þeim mánuði svo ég væri þá bara að fagna 15 ára afmæli en auðvitað er þetta bara leikur að tölum. Ég er yngstur þriggja bræðra, pabbi er úr Eyjafirðinum og mamma úr Reykjavík. Pabbi fór í Stýrimannaskólann og kynntist mömmu á balli í höfuðborginni og þau fluttu svo til Keflavíkur. Nokkuð stór hluti fjölskyldunnar flutti þangað frá Arskógssandi svo það lá kannski beinast við hjá foreldrum mínum á þeim tíma. Ég ólst upp á Smáratúninu, þar var mikið strákager og mikið leikið, þar eignaðist ég minn besta vin, Rúnar Karlsson, en hann lést því miður fyrir nokkrum árum. Fótboltinn var fyrirferðamikill leikur hjá okkur strákunum, við stofnuðum okkar eigið lið sem við nefndum Fallbyssuna í höfuðið á Arsenal sem var og er okkar lið í enska boltanum. Það var bara einn grunnskóli í Keflavík á þessum tíma, skóli sem í dag er Myllubakkaskóli en svo fór maður upp í Gaggó sem var Holtaskóli. Ég fór svo í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og útskrifaðist af viðskiptafræðibraut. Ég ætlaði mér fyrst að feta þá braut, skráði mig í Háskóla Íslands í viðskiptafræði en fann svo fljótt að það ætti ekki við mig, hætti því námi og átti eftir að fara allt aðra leið.“



Golfbakterían hefur náð Skúla.

### Lögreglumaðurinn

Þegar Skúli hætti náminu í viðskiptafræðinni, bauðst honum afleysing í lögreglunni í Keflavík. Hann ákvað að slá til og ekki leið á löngu þar til hann var búinn að skrá sig í lögregluskólann og útskrifaðist þaðan árið 1988.

Hvað er það við lögreglustarfið sem heillar Skúla?

„Þetta er fyrst og síðast þjónustustarf, við erum til þjónustu reiðubúnir fyrir samborgarana og þetta hefur allan tímann hentað mér mjög vel og átt vel við mig. Sem þjakkur vann ég hina ýmsu verkamannavinnu, pabbi var með fiskvinnslu og ég vann í henni og prófaði ýmislegt en fann svo strax að lögreglustarfið myndi henta mér best. Starfið gengur út á að hjálpa



Skúli ásamt afadrengrum Fannari Þór.

fólki en vissulega kemur fyrir að við þurfum að beita því valdi sem við höfum en það er í raun undantekningin. Ég byrjaði sem almennur lögreglumaður á lögreglustöðinni í Keflavík og leysti svo af sem rannsóknarlögreglumaður um tíma. Ég hefði alveg verið til í að halda því áfram en sá sem ég leysti af sneri til baka og því hélt ég áfram sem almennur lögreglumaður. Ég færðist svo upp í aðstoðarvarðstjóra, varð varðstjóri, síðar aðalvarðstjóri og síðan urðu breytingar hjá embættinu. Við sameinuðust Grindvíkingunum og seinna meir lögreglunni á Keflavíkflugvelli, í dag er þetta eitt lögregluembætti fyrir öll Suðurnesin. Árið 2007 var ég settur sem aðstoðaryfirlögregluþjónn og stýrði almennu deildinni hjá okkur til ársins 2018 en þá ákváðum við Brynja eiginkona mín, að skipta um umhverfi og flytja á höfuðborgarsvæðið. Strákarnir okkar voru fluttir þangað og eitt barnabarn komið,“ segir Skúli.

Skúli hafði samband við Sigríði Björk Guðjónsdóttur, þáverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, um flutning á milli embætta, en hún hafði verið yfir embættinu á Suðurnesjunum og þekkti því til hans starfa. Það varð úr þessum flutningi í byrjun árs 2018 og var hann settur yfir lögreglustöð 2 sem er í Hafnarfirði. Lögreglustöð 2 er ein fjögurra stöðva á höfuðborgarsvæðinu og heyrir Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes undir þá stöð, alls um 48 þúsund íbúar. Hann er mest á skrifstofunni að sinna hinum ýmsu málum en svo kemur fyrir að hann þurfi að fara í útköll.

### Þróun í lögreglustarfinu

Starf lögreglumannsins hefur breyst talsvert á undanföllum árum, það er meira um vopnaburð í dag en fyrir utan hin almennu lögreglustörf, sinnir Skúli verkefni sem rataði í fréttatíma sjónvarpsstöðvanna í sumar sem snýr að innbrotum og þjófnum á Íslandi.

„Ég sinnir verkefni sem tengist Europol sem er löggæslustofnun Evrópu. Þar er ég tengiliður við greiningarteymi sem aflar upplýsinga um skipulagða eignapjófnaði og farandbrotahópa á þeim vettvangi, hópa sem fara á milli landa og stunda sína iðju. Ég þarf að fylgjast með öllum innbrotum sem eiga sér stað á landinu og athuga hvort ég sjái eitthvað sem bendi til þess að um skipulagða glæpastarfsemi sé að ræða. Það komu upp nokkur innbrotsmál í sumar, fjölmörg vildu vita meira og því var ég tekinn í viðtal. Þegar betur var að gáð reyndist þetta sem betur fer ekki vera skipulögð glæpastarfsemi að utan en svona þarf ég að vakta þessa hluti.“

Það er orðið meira um vopnaburð í dag og auðvitað er það áhyggjuefni, sérstaklega að sjá unglinga draga upp hnífa. Maður var skotinn um daginn, þetta er þróun sem er vissulega ekki góð en svona er bara veruleikinn orðinn og við honum þarf lögreglufólk að geta brugðist. Ég hef mikla trú á rafbyssunum, þjálfun er í gangi þessa dagana og ég bind miklar vonir við þetta tól. Ég sé ekki hvað mælir á móti þessu, það er ekki hægt að beita rafbyssunni nema skýrt komi í ljós hvernig viðkom-



Lið Grindavíkur sem vann SV-riðil gömlu þriðju deildarinnar árið 1989.



Lið KFK, Skúli rauðhærði markmaðurinn í fremri röð.



”

Ég þarf að fylgjast með öllum innbrotum sem eiga sér stað á landinu og athuga hvort ég sjái eitthvað sem bendi til þess að um skipulagða glæpastarfsemi sé að ræða.

andi lögreglumaður beitti henni, því þarf lögreglufólk að vanda mjög til verka. Okkar lögreglufólk er það vel þjálfað, ég hef enga trú á að þessu vopni verði misbeitt en við verðum að geta varið okkur, við getum ekki ráðist til atlögu ef andstæðingurinn er vopnaður hnífi eða hvað þá skotvopni,” segir Skúli.

Lögreglufólk getur starfað til 65 ára aldurs og því á Skúli rétt rúm fimm ár eftir. Hann sér ekki fram á að breyta um starfsvettvang úr því sem komið er og kann vel við sig á nýja staðnum. „Ég finn mig mjög vel í þessu starfi og finn að þetta var rétt ákvörðun hjá okkur að flytja á höfuðborgarsvæðið. Það er allt mun umfangsmeira þar en á Sudurnesjum og öll stoðþjónusta hjá embættinu á höndum fleiri starfsmanna en ég var vanur heima í Keflavík. Ég kann vel við að vera hluti af stórrri einingu en sjálft lögreglustarfið er svipað á höfuðborgarsvæðinu og á Sudurnesjum. Búnaður lögreglufólks hefur snarbatnað á undanförunum árum, þetta er mjög gott vinnuumhverfi og ég sé ekki fram á annað en klára lögregluferilinn hér. Það var sérstök forvarnardeild á sínum tíma en hún var lögd niður og þá hallaði aðeins undan fæti, virðing barnanna fyrir lögreglunni hefur minnkað en við erum að spyrna við fótum. Nú eru komnar svokallaðar samfélagslöggur eins og Krissi er í Reykjanesbæ, ég er viss um að þetta muni gefa góða raun og við snúum blaðinu við.“

### Markmannshanskarnir

Skúli byrjaði ungar að leika knattspyrnu og frá fyrstu stundu áttu markmannshanskarnir hug hans allan. Það vantaði ekki fyrirmyndirnar í Keflavík á uppvaxtarár- unum, Þorsteinn Ólafsson var í markinu, næstur var Þorsteinn Bjarnason og svo kom Bjarni Sigurðsson en Bjarni er fjórum árum eldri en Skúli. „Á þessum árum voru tvö félög í Keflavík, KFK [Knattspyrnufélag Keflavíkur] og UMFK [Ungmennafélag Keflavíkur], ég var í því fyrrnefnda en á sumrin kepptum við svo undir merkjum ÍBK [Íþróttabandalag Keflavíkur]. Ég spilaði körfubolta á veturna og handbolti var nokkuð stór á þessum tíma í Keflavík, ég lék vinstri skyttu og við vorum bara nokkuð góðir. Ég prófaði líka júdó og sund svo það sést að íþróttir skipuðu stóran sess í mínu lífi til að byrja með. Þegar ég eldist var ég með mikla samkeppni fyrir framan mig í markinu, nafnana Þorstein Ólafs og Þorsteinn Bjarna og Bjarni Sig var þarna líka svo það var ljóst að það yrði erfitt fyrir mig að fá tækifæri. Um sautján ára aldurinn til tívutags var ég mikið á bekknum en var svo að spá í að hætta þessu en árið 1984 hafði Sandgerðingurinn Guðjón Ólafsson samband við mig, hann var að þjálfa heimaliðið Reyni í þriðju deildinni. Ég ákvað að taka slaginn og sá ekki eftir því. Þetta var frábær tími í Sandgerði og svo þegar Guðjón réði sig til Grindavíkur árið 1989, tók hann mig með sér þangað en í millitíðinni hafði ég komið við í Keflavík og tók nokkur tímabil með þeim sem varamarkvörður Þorsteins Bjarnasonar og



Skúli horfir á Andra son sinn þetta á Kálfatjarnarvelli í Vogum, fyrsta eldgosid við Fagradalsfjall í baksýn.

náði að spila einn leik í efstu deild. Keflavík var með hörkugott lið á þessum tíma með leikmenn eins og Sigga Björgvins, Gunnar Odds og Ragnar heitinn Margeirsson. Ég ökklabrotnaði reyndar árið 1988 í lögregluskólanum og hélt þá að fótboltaferlinum væri lokið en Guðjón náði að plata mig til Grindavíkur fyrir '89 tímabilið en þá voru þeir í gömlu þriðju deildinni. Grindvíkingar voru lengi búnir að reyna koma sér upp en þá voru tveir riðlar í þriðju deildinni, SV og NA riðill. Ég varð strax mjög hrifinn af Grindvíkingum, bæði leikmönnum og fólkinu í kringum félagið. Við vorum góðir allt sumarið og tryggðum okkur sigur í riðlinum í lokaleiknum í suðvestan fimmtán vindstígum og úrhellisrígningu, ég mun aldrei gleyma fögnuðinum í leiklok og lokahófið um kvöldið í Festi var algerlega frábært, gleðin sveif yfir vötnum. Liðinu var boðið til Spánar í kjölfar sætisins í annarri deildinni en það átti eftir að spila tvo úrslitaleiki við KS [Knattspyrnufélag Siglufjarðar] um sigur í þriðju deildinni en sá leikur skipti Grindvíkinga engu máli, að komast upp úr þriðju deildinni var aðalmálið og við fórum í frábæra ferð til Spánar og KS fékk bikar fyrir sigurinn í þessari deild. Keflvíkingurinn Haukur Hafsteinnsson tók svo við liðinu og eftir mikið basl í annarri deildinni tókst okkur með herkjum að halda okkur uppi, þurftum að vinna Fylki í lokaleiknum en þá voru þeir í öðru sæti í deildinni. Við unnum og Fylkismenn misstu Breiðablik upp fyrir sig svo þetta

var frábær sigur hjá okkur sem bjargaði veru okkar í deildinni. Svo tók Bjarni Jóhannsson við liðinu og þá kom minn gamli félagi úr Keflavík, Þorsteinn Bjarnason og þá taldi ég góðan tímamark að leggja hönskunum, var að eignast mitt fyrsta barn. Bjarni hafði svo samband um vorið, vildi fá samkeppni fyrir Steina og ég ákvað að taka það tímabil sem gekk mjög vel og við vorum í baráttunni um að komast upp en gekk ekki. Ég tók svo '92 tímabilið í Keflavík, bakkaði Ólaf Pétursson upp og við fórum upp í efstu deild og þar með endaði minn markmannsferill með félagsliðum, þar sem hann byrjaði en ég var svo í löggulandsliðinu í nokkur ár og fór með þeim í fjölmargar eftirminnilegar keppnisferðir til útlanda,” segir Skúli.

### Fjölskyldan og golfið

Skúli fann ástina fljótt í heimaþænum, eiginkona hans heitir Brynja Hafsteinsdóttir en þau kynntust í lögreglunni á sínum tíma. Brynja skipti svo um starfsvettvang, er sjúkraliði í dag á líknardeildinni í Kópavogi. Þau eiga þrjá stráka sem allir eru flognir úr hreiðrinu og það er komið eitt barnabarn og annað á leiðinni. Skúli hafði aðeins prófað golf sem unglingur með bekkjarbróður sínum, Björgvini Færseth en það var ekki fyrir en eftir fertugsafmælið sem golfferillinn fór almennilega af stað. „Systkini Brynju gáfu mér golfset í afmælisgjöf, skilaboðin greinilega skýr frá konunni sem gaf mér auk þess nokkra

tíma í golfkennslu. Hún sjálf sýndi golfi engan áhuga á þeim tíma og ég byrjaði, féll eiginlega strax fyrir þessari íþrótt. Fyrsta sumarið var ég nú bara á æfingasvæðinu og spilaði Jóel-inn [þar þrjú hulu völlur í Leirunni] grimmt og skræði mig svo í Golfklúbb Suðurnesja árið eftir. Ég byrjaði fljótlega að sjá framfarir, lækkaði nokkuð ört í forgjöf og gleymi ekki tilfinningunni þegar ég náði að komast niður fyrir 100 högg í móti í fyrsta skipti. Ég komst lægst niður í 16 í forgjöf en er með 18,1 í dag. Þetta er frábær íþrótt, hreyfing og úti- vera, félagsskapurinn er góður og mér finnst mjög gaman að skrá mig með einhverjum og kynnast þannig nýju fólki. Við Brynja fórum í golfferð til Costa Ballena á Spáni fyrir stuttu, þar er frábær golfskóli og við mættum í hann alla morgna. Allir kylfingar hafa gott af því að fara í þennan golfskóla, það er alltaf hægt að bæta sig í þessari yndislegu íþrótt. Okkur fannst mjög gaman í þessari ferð og ég vona að hún komist upp á lagið og við getum átt þetta áhugamál saman í framtíðinni. Ég er í golfklúbbnum Oddi sem er með hinn frábæra Urriðavöllum. Svo eru lögreglumenn duglegir að halda mót víðsvegar um landið, ég reyni að mæta í sem flest mót. Ég er ekki með nein markmið um að lækka eitthvað mikið í forgjöf, væri alveg til í að ná meiri stöðugleika, útrýma sprengjunum en aðallega bara að hafa gaman af þessari íþrótt og ég ætla mér að njóta heldri áranna,” sagði Skúli að lokum.



Skúli þarf oft að fara í viðtal hjá fjölmiðlum.

vf.is

## Skröltormur angrar íbúa við Fagragarð

■ Íbúi við Fagragarð hefur sent bæjaryfirvöldum erindi um að fjarlægja núverandi hraðahindrun, sem veldur ónæði en koma þess í stað fyrir þrengingu. Umrædd hraðahindrun er oft nefnd skröltormur en þær eru krappar hindranir úr stáli sem liggja yfir vegi. Erindinu var frestað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar í nóvember og starfsfólki umhverfis- og framkvæmdasviðs falið að koma með tillögu að lausn. Hraðahindrun verður nú fjarlægð og verða hraðamælingar framkvæmdar í kjölfarið. Unnið verður eftir leiðbeiningum um hraðatakmarkandi aðgerðir.

## Aðgerða er þörf á Vesturbraut

■ Íbúar við Vesturbraut í Keflavík hafa lagt fram undirritaða áskorun til Reykjaneshæjar um viðbrögð við aksturslagi öku- manna og þungaumferð um Vesturbraut. Lagðar eru fram eftirfarandi tillögur til úrbóta: að komið verði fyrir í samráði við íbúa 2-3 hraðahindrunum, hámarks hraði verði lækkaður í 30 km/klst., gangbraut verði sett milli hringtorgs og blikksmiðu og merktar gangbrautir við hringtorg, þungatakmörkun við 7.5 t og þungaumferð beint um höfnina frá Helguvík. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs í mars 2022 var starfsmönnum umhverfis- og framkvæmdasviðs falið að gera umferðarmælingar og koma með tillögum að úrbótum. Hraðamælingar fóru fram á Vesturbraut 20. júní 2022 til 19. júlí 2022. Niðurstöður hraðamælingar leiddu í ljós að aðgerða er þörf. Starfsmenn umhverfis- og framkvæmdasviðs hafa beitt tímabundinni lausn við hraðaaakstri, í formi þrengingar. Áætlað er að útfæra heildstæða lausn sem tekur á umferðarhraða og öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda 2024. Unnið er eftir leiðbeiningum um hraðatakmarkandi aðgerðir.

## Lækka hámarks- hraða á Bási vegi

■ Umhverfis- og skipulagsráð Reykjaneshæjar hefur samþykkt að lækka hámarks hraða á Bási vegi úr 50 niður í 30 km/klst. Guðbjörg Lára Sigurðardóttir lagði fram erindið í bréfi í mars 2019 og gerði að tillögu að hámarks hraði á Bási vegi verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs í apríl 2019 var erindi vísað til umhverfismíðstöðvar.

■ Radmila Medic, Krambúðinni í Innri-Njarðvík:

# Fjögur systkin hjá Samkaupum

Það er ekki oft sem fjögur systkin vinna hjá sama fyrirtækinu en þannig er það hjá Radmilu Medic, 36 ára verslunarstjóra Krambúðarinnar við Tjarnabraut í Innri-Njarðvík, og systkinum hennar. Þau eru sex systkinin og fjögur þeirra starfa hjá Samkaupum. Tvær systur Radmilu vinna með henni í Krambúðinni við Tjarnabraut og bróðir þeirra er verslunarstjóri Nettó í Norðurbænum í Hafnarfirði. Vel gert!

Radmila er frá Króatíu og kom með fjölskyldu sinni til Íslands á vegum Rauða krossins sem flóttamaður árið 2000 og hefur unnið hjá Samkaupum frá 2006 eða í sautján ár – þar af frá árinu 2018 sem verslunarstjóri í Tjarnagötu.

„Ég vann áður í flugeldhúsinu á Keflavíkurflugvelli og það var ágætt og mikið að gera en systir mín vann hjá Samkaupum og sagðist ánægð þannig að ég ákvað að prófa – og hef ekki farið síðan,“ segir hún hlæjandi.

Hún segir að sumarið hafi gengið vel í Krambúðinni og það sé aukning frá því í fyrrasumar. Erlendir ferðamenn séu ekki mikið á ferðinni eftir að hótelið í hverfinu hafi verið leigt til ríkisins og lokað sem almennu hóteli.

„Við finnum fyrir miklum velvilja hjá viðskiptavinum okkar sem langflestir eru héðan úr

**Fjölskylda Radmilu kom til Íslands á vegum Rauða krossins sem flóttamenn árið 2000 og var komið fyrir á Siglufirði. Radmila var þá þrettán ára og elst í systkinahópnum.**

hverfinu. Við bjóðum upp á fjölbreytt vöruval þótt búðin sé ekki mjög stór – og það eru alltaf einhver tilbod hjá okkur.“

**Fjölskyldan með Rauða krossinum sem flóttamenn**

Þegar fjölskylda Radmilu kom til Íslands á vegum Rauða krossins sem flóttamenn árið 2000 fluttist



Radmila Medic, 36 ára verslunarstjóri Krambúðarinnar í Innri-Njarðvík.

hún til Siglufjarðar. Radmila var þá þrettán ára og elst í systkinahópnum. Hún segir að það hafi verið fint að búa á Siglufirði og á þessum tíma hafi þau nánast verið einu erlendu börnin í bænum.

„Siglufirðingar tóku okkur vel og við féllum vel inn í mannlífið en eftir fimm ár ákváðu mamma og pabbi að flytja til Keflavíkur þegar systur mínar voru á leið í framhaldsskóla. Þeim fannst það auðveldara vegna samgangna en Héóinsfjarðargöngin voru ekki komin á þessum tíma. Siglufjörður mun alltaf eiga sérstakan stað í hjarta mínu.“

**Talar áberandi góða íslensku**

Það er áberandi hvað Radmila talar góða íslensku en hvernig fór hún að? „Mér fannst sjálfsgætt að

læra hana og hugsaði sem svo að ég gæti ekki búið á Íslandi nema læra tungumálið. Ég fékk mína fyrstu kennslu í skólanum á Siglufirði og reyndi strax að lesa mikið á íslensku fyrir utan skólabækurnar. Þetta kom smám saman. Ég var líka frá upphafi óhrædd við að prófa að tala íslensku við krakkana á Siglufirði. Það hafði mikið að segja – sem og hvað ég hef umgengist mikið Íslendinga frá því við komum til landsins.“

**Í verslun skiptir öllu að kunna vel við fólk**

Verslunarstarfið hentar Radmilu vel. Hún segir að það sé spennandi að stilla upp ferski og góðri búð með fullt af tilbodum – og þar sem allir reyna að gera sitt besta á hverjum degi. „Það er mjög gefandi

að vinna í verslun og þjónusta viðskiptavini. Það skiptir öllu að líka við fólk, kunna á fólk og hafa ánægju af samskiptum við það.“

Hún bætir því við að hún hafi verið ánægð þegar hún sá eitt sinn í viðtali við forráðamann í bandarísku stórfyrirtæki að eitt af skilyrðunum fyrir því að fá vinnu þar væri að kunna vel við fólk. „Ein spurningin var einfaldlega hvort viðkomandi ætti auðvelt með að umgangast aðra og líkaði vel við fólk: „Do you like people?“ Það er mjög mikilvægt í þjónustustörfum að vilja vinna með fólki og kunna mannaþið. Það er ekki kennt í skólum.“

**Skemmtilegra að horfa á málningu þorna**

Radmila segir að helsta áhugamál sitt sé lestur og gönguferðir úti í náttúrunni – fyrir utan að verja tíma með fjölskyldunni. „Ísland er mjög fallett land með fjölbreytta og stórbrotna náttúru. Það þarf ekki að fara langt til að njóta útiverunnar og finna kyrrðina.“

Þegar hún er spurð hvort hún stundi íþróttir eða fylgist með þeim svarar hún að bragði með glettni: „Gönguferðirnar eru mín íþrótt en áhugi minn á keppnisíþróttum er það lítil að frekar vildi ég horfa á málningu þorna á vegg en glápa á fótboltaleik í sjónvarpi,“ segir hún og skellir upp úr.

**Kann vel við veðrið á Íslandi**

Fjölskyldan er frá borginni Zadar í Króatíu og þar er sól og gott veður megnið af árinu. Um það hvort hún sakni veðurfarsins í Króatíu segir hún að svo sé ekki. „Ég kys frekar að vera í fersku, tæru og kaldara loftslagi. Það er tiltölulega milt veðurfar á Íslandi yfirleitt og ég vil frekar vera í slíku loftslagi en steikjandi hita stærstan hluta ársins. Pabbi er þannig líka. Þegar við heyrum af hitabylgjum erlendis og „skrítnu veðri“ held ég að við Íslendingar séum í toppmálum en júst, eins og öllum öðrum Íslendingum þá leiðist manni svonefnt skítaveður; hávaðarok og rigning – en almennt getum við Íslendingar verið sátta við veðrið.“

Hún segist finna sig vel á Íslandi. Maðurinn hennar sé Pólverji sem hafi búið á Íslandi um árabíl og heiti Grzegorz. „Okkur líkar vel hér. Ég er orðin Íslendingur; mér finnst það. Ég finn mig á Íslandi og kys það líf – eins og við þekkjum það – sem er hér. Ég er ekki að fara neitt,“ segir Radmila Medic, verslunarstjóri Krambúðarinnar í Innri-Njarðvík.

## Deiliskipulag í Vatnsnesi



Hrannargata 2-4

**Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 3. nóvember 2023 að auglýsa eftirfarandi deiliskipulagstillögu í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 339 íbúðum í 5-6 hæða húsum og sameiningu lóða í samræmi við uppdrætti JeES arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 11. janúar 2024.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ. Eða á netfang skipulagsfulltrúa skipulag@reykjanesbaer.is

Reykjanesbær 24. nóvember 2023

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

**Akurskóli** - Starfsfólk skóla

**Háaleitisskóli** - Kennari í samfélagsfræði á mið- og elsta stig

**Háaleitisskóli** - Kennari í íslensku á elsta stig (8.-10. bekkur)

**Háaleitisskóli** - Umsjónarkennari á miðstig (5.-7. bekkur)

**Myllubakkaskóli** - Kennari á unglingsstigi

**Njarðvíkurskóli** - Kennari, Íslenska sem annað tungumál

**Stapaskóli** - Umsjónarkennari á unglingsstigi

**Heilsuleikskólinn Heiðarsel** - Leikskólakennari

**Leikskólinn Holt** - Leikskólakennari

**Menntasvið** - Leikskólastjóri

**Nesvellir** - Starfsmaður í félagsstarf aldrafra

**Umhverfis- og framkvæmdasvið** - Lögfræðingur

**Velferðarsvið** - Félagssráðgjafi í barnaverndarþjónustu

**Velferðarsvið** - Búsetuúrræði fyrir fatlaða í Asgardal

**Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



## Hver er Radmila?

**Nafn:** Radmila Medic, 36 ára.

**Starf:** Verslunarstjóri Krambúðarinnar í Njarðvík.

**Maki:** Grzegorz (pólskur Íslendingur).

**Ættuð:** Frá Króatíu.

**Starfsaldur:** Hjá Samkaupum frá 2006; í sautján ár.

**Áhugamál:** Lestur og gönguferðir.

**KIRKJUGARÐUR NJARÐVÍKUR**

**JÓLALÝSING**

Byrjað verður að kveikja á jólaljósum í kirkjugarði Njarðvíkur laugardaginn 2. desember kl. 13:00

Tengigjald er 5.000kr fyrir einn kross, 4.000kr fyrir hvern kross umfram það.

**Opnunartími er sem hér segir:**

Laugardagur 2. des. frá 13:00 til 17:00  
Þriðjudagur 5. des. frá 17:30 til 19:00  
Fimmtudagur 7. des. frá 17:30 til 19:00  
Laugardagur 9. des. frá 13:00 til 15:00  
Þriðjudagur 12. des. frá 17:30 til 19:00  
Laugardagur 16. des. frá 13:00 til 15:00  
Síðasti opnunardagur fimmtudagur 21. des. frá 17:30 til 19:00

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 660 3691 á milli 13-17 alla virka daga.





Starfsfólk á bæjarskrifstofum Grindavíkur og Degi B. Eggertssyni borgarstjóra, Þorsteini Gunnarssyni borgarráttara og Fannari Jónassyni, bæjarstjóra Grindavíkur. Ljósmyndir: Reykjavíkurborg.

# 300 fjölskyldur vantar varanlegt húsnæði

■ Skóla- og leikskólamálin í góðum farvegi



GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



„Ég hef það það alveg ótrúlega gott,“ segir Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur, en hann hefur heldur betur haft í miklu að snúast síðan náttúruhamfarirnar áttu sér stað í Grindavík föstudaginn 10. nóvember. Strax daginn eftir var Fannar kominn í samband við Dag B. Eggertsson, borgarstjóra Reykjavíkur og á þriðjudagsmorgninum gat starfsfólk Grindavíkur, hafið störf á nýrri bæjarskrifstofu í Ráðhúsi Reykjavíkur.

## Reynum að forgangsraða

„Það er nú ekki hægt að lýsa í nokkrum orðum hvernig staðan er akkúrat núna. Það eru svo mörg mál í gangi en við reynum að forgangsraða. Það var auðvitað frábært fyrir okkur að komast hingað í Ráðhús Reykjavíkinga og kunnum við Degi og hans fólki bestu þakkir fyrir. Við erum búin að opna þjónustumiðstöð í gamla tollhúsinu. Þar getur fólk komið saman og fengið stuðning hvort af öðru, þar er hægt að fá svör við flestum þeim spurningum sem brenna á vörum fólks og hægt að hlúa að andlegu hliðinni en Rauði krossinn er þar meðal annars, fólk til halds og trausts. Mér finnst ótrúlegt afrek að hafa náð að opna nýja bæjar-skrifstofu og þessa þjónustumiðstöð á svo skömmum tíma en það mun mikið félagsstarf fara fram í þjónustumiðstöðinni. Þarna mun kirkjan í raun færa sitt starf, kórarnir munu æfa barna en þjónustumiðstöðin hefur verið mjög vel sött síðan hún opnaði, þarna verður gríðastaður Grindvíkinga til að byrja með.“

## Húsnæðismál fólks okkar helsta áskorun

Af mörgum málum vega sum mál þyngra en önnur. „Húsnæðismál fólks er okkar helsta áskorun, það eru um 1200 íbúðaeiningar í Grindavík sem þýðir að u.þ.b. 1200 fjölskyldur vantaði húsnæði. Skv. mínum tölum á ennþá eftir að leysa húsnæðismál um 300 fjölskyldna og eru allar klær úti til að leysa þau vandamál. Starfsfólk ráðuneytanna sem málið heyrir undir eru á fullu að hjálpa okkur svo allir eru að leggja á eitt. Annað stórt mál er fjárhagsáhyggjur fólks, þarf bæði að borga af núverandi húsnæði og



Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur, Þorir Kjartansson, öryggis- og húsvörður í ráðhúsi Reykjavíkur, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, draga fána Grindavíkur að húni við ráðhúsið.

líka leigu á nýjum stað? Fólk sem var með vinnu í Grindavík hefur áhyggjur af afkomu sinni. Það er ætluð okkar og ríkisvaldsins að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessum þáttum. Við höfum líka verið að aðstoða grindvísk fyrirtæki við að koma sér og sinni starfsemi á nýjan stað. Þetta er mikið verk en með samheldu átaki veit ég að við náum að leysa það,“ segir Fannar.

## Skólamálin risastór

„Skóla- og leikskólamálin eru svo auðvitað risastór mál en það hefur gengið vel að leysa þau verkefni. Fyrstu nemendurnir munu hefja nám í þessari viku í skólum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið og Grindvíkingar sem búa úti á landi eru sömuleiðis að byrja koma börnunum í viðkomandi skóla. Við ákváðum að taka skólaskyldu úr sambandi tímabundið vegna ástandsins en auðvitað vilja foreldrar að börnin geti haldið sinni rútínu. Í Reykjavík munu grindvísk börn eitthvað geta verið saman og í sumum tilvikum munu kennarar þeirra úr grunnskólanum í

Grindavík, geta kennt þeim. Þetta hefur ekki verið gert áður svo þetta mun þróast en allir eru að gera sitt besta.“

## Ef allir hefðu það eins gott og ég væri ég sæll og glaður

Fannar hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir yfirvegun sína að undanförunu, hann tók við sem bæjarstjóri fyrir sjö árum en hvernig líður honum? „Ég hef það alveg ótrúlega gott og ef allir hefðu það eins gott og ég væri ég sæll og glaður. Það hefur auðvitað verið nóg að gera en allt starfsfólk bæjarins er líka að gera sitt allra besta. Ég held að við verðum að hugsa þetta verkefni í vikum og mánuðum, hugsanlega yrði hægt að flýta inn í einhverji fljótleiga en það eru nokkrir mánuðir í að allt verði komið í fyrri horf en auðvitað byggist allt á því hvort eða hvenær fari að gjósa. Það er óvissan sem er líklega það verkasta í stöðinni en við getum ekkert annað gert en vonað það besta, við munum leysa þessi mál í sameiningu,“ sagði Fannar að lokum.



Vinnuástanda starfsfólks Grindavíkur þegar hún er í ráðhúsi Reykjavíkur.

# Skólafarir hefsta á ný fyrir grindvísk börn

Næstu vikur fer skólafarir Grunnskóla Grindavíkur fram í Reykjavík. Á miðvikudag, 22. nóvember, býðst nemendum og foreldrum þeirra að koma í heimsókn á nýja starfsstaði og munu kennarar og starfsfólk skólans taka á móti nemendum og sýna þeim aðstöðuna. Skólafarir mun fara fram á fjórum mismunandi starfsstöðvum í borginni fram að jólahefð. Þetta eru þeir staðir sem um ræðir:

1. - 2. bekkur verður í Hvassaleitisskóla
3. - 4. bekkur verður í Víkingsheimilinu (staðsett við hliðina á Alftamyrarskóla)
5. - 8. bekkur verður í Ármúla 30
9. - 10. bekkur verður í Laugalekjarskóla

Þátttaka er valkvæð og mikilvægt að hverju barni verði mætt á eigin forsendum. Foreldrar eru hvattir til þess að eiga opið samtal við börnin sín um hugmyndir þeirra um skólagöngu næstu vikurnar.

Börnunum stendur einnig til boða að fara í hverfis-skóla þar sem fjölskyldan er búsett. Til þess að innrita barn í hverfis-skóla hafa foreldrar samband beint við skóla-stjórnendur þess skóla.

## Staða leikskólabarna

Stefnt er að því að opna leikskóla þar sem börn verði með kennurum sem þau þekkja og jafnvel foreldrum í byrjun til að auka öryggi þeirra. Þegar hugað er að leikskólavist er horft til þess að ákvarðanir sem verða teknar á næstu dögum séu vandaðar og í samræmi við það sem börnunum er fyrir bestu og í

samráði við foreldra og starfsfólk leikskóla. Vænta frekari upplýsinga um leikskólafarir á næstu dögum.

## Staða starfsfólks leikgrunn- og tónlistarskóla

Fræðsluvið Grindavíkurbæjar leggur áherslu á að starfsfólk leik- og grunnskóla fái tíma eins og aðrir til þess að ná áttum og vinna úr áföllum áður en þau snúa aftur til starfa. Rík áhersla er lögð á aðgengi að handleiðslu fyrir allt starfsfólk grindvískra skóla.

## Stuðningur við börn

Börn sem ekki eiga kost á að sækja skóla, eða velja að fara í sinn hverfis-skóla þar sem fjölskyldan er búsett, verður veittur sérstakur stuðningur í samræmi við lög um farsæld barna. Skólafarir Grindavíkurbæjar koma til með að setja sig í samband við þá foreldra og kynna nánar þann stuðning sem þeim verður veittur.

Hægt er að sækja upplýsingar og stuðning í þjónustumiðstöð Grindavíkurbæjar í Tollhúsinu við Tryggvagötu 19 eða hringja í síma 420-1100.



# Samþykkt að opna þjónustumiðstöð í Hljómahöll ef þörf krefur

## ■ Hugur íbúa Reykjanæsbæjar er hjá Grindvíkingum.

Samþykkt hefur verið í bæjarráði Reykjanæsbæjar að opna þjónustumiðstöð fyrir Grindvíkinga í Hljómahöll ef þörf krefur, í samstarfi við Almanna- varnir, Grindavíkurbæ og Rauða krossinn.

Þetta kemur fram í bókun bæjarráðs Reykjanæsbæjar eftir fund þess á fimmtudag í síðustu viku. Þar stendur:

„Jarðhræringar á Reykjanæsbæjar skaga síðastliðnar vikur gerðu það að verkum að almannavarnir tóku ákvörðun um að rýma Grindavík og lýsa yfir neyðarstigi. Þessi atburður hafði í för með sér að nágrennar okkar og vinir í Grindavík þurftu að yfirgefa heimili sín.“

Þá fór strax af stað mikil vinna við að greina hvernig við í Reykjanæsbæ getum sem best orðið að liði. Fjöldahjálparstöð var opnuð og verið er að kortleggja húsnæði sem getur staðið til boða bæði íbúðarhúsnæði sem öruggt skjól og húsnæði þar sem hægt er að koma mikilvægum verðmætum í geymslu á meðan atburðurinn gengur yfir. Stjórnendur Reykjanæsbæjar eru í nánú

samstarfi við stjórnendur Grindavíkurbæjar til að kanna m.a. möguleikann á að bjóða leik- og grunnskólabornum og starfsfólki upp á rými til að skólafarir geti haldið áfram. Íþróttá- og tómsfundafélög hafa einnig boðið fram aðstoð sína enda er mikilvægt að börn og ungmennti geti áfram sinnt íþróttá- og tómsfundastarfi. Stjórnendur eru einnig að vinna að lausnum til að tryggja að mikilvæg velferðarþjónusta standi íbúum Grindavíkur áfram til boða. Þessi vinna stendur yfir en nú þegar hafa grunnskólar í Reykjanæsbæ tekið á móti nemendum úr Grindavík og er allt kapp lagt á að hlúa vel að þeim og fjölskyldum þeirra á meðan þessi náttúruvá stendur yfir.

Auk alls þessa hafa aðrar stofnir, fyrirtæki og einkaaðilar í Reykjanæsbæ einnig lagt hönd á plóg enda mikilvægt að við stöndum öll saman sem eitt.

Íbúar Reykjanæsbæjar standa þétt við bakið á Grindvíkingum og munu gera allt sem hægt er til að aðstoða þá á þessum erfiðu tímum.“

# Grindvíkingar

Líkur eru á að fyrir höndum sé eitt stærsta samfélagslega verkefni sem þjóðin hefur tekist á við. Í slíkum aðstæðum er samtakamátturinn mikilvægur og það er ómetanlegt að finna þann samhengi Grindvíkingum er sýndur nú.



Ég vil að Grindvíkingar viti að Samfylkingin mun leggja stjórnvöldum lið í að virkja samtrygginguna til stuðnings Grindvíkingum og öðrum sem kunna að verða fyrir tjóni.

Ég hef hvatt stjórnvöld til þverpólítísks samtals um aðgerðir hvort sem þær eru efnahagslegar eða félagslegar, varði vinnumarkaðinn, fyrirtækin eða heimili Grindvíkinga. Verðmætin eru ekki aðeins í hlutum, fasteignum og fyrirtækjum heldur ekki síður í fólkinu sjálfu, listum og menningu ásamt andlegri og líkamlegri heilsu þeirra.

## Geðheilsa

Rauði krossinn á Íslandi hefur gefið út góð ráð sem varða líðan í því ástandi sem Grindvíkingar búa við. Ég hvet alla þá sem hafa áhyggjur af sinni eigin líðan, barna eða annarra að hringja í Hjálpar-síma Rauða krossins 1717. Einnig er netspjallið alltaf opið á 1717.is.

Þegar búið er við neyðarástand líkt og Grindvíkingar gera núna má búast við að því fylgi tilfinningalegt uppnám. Þetta er í raun ólýsanlegt áfall. Það er óþægilegt að finna fyrir vanmætti gagnvart náttúrunni. Óvissan tekur á og það er mikilvægt að huga að líðan sinni og þeirra sem næst manni standa. Það þarf einnig að huga að líðan lykilmanna í almannavörnum, björgunarsveit, lögreglu og þeirra sem vakta mikilvæga innviði. Þau þurfa afleysingu og hvíld.

## Tryggingar

Ég vil hvetja Suðurnesjamenn til að kynna sér upplýsingar um Náttúruhamfaratryggingu Íslands á vefnum island.is. Fólk þarf að kynna sér hvað tryggt er með hamfaratryggingum og hvað ekki. Hvað telst til beinna tjóna eða óbeinna og hvaða tryggingar grípa við mismunandi tjón og aðstæður. Það er ekki of seint fyrir Suðurnesjamenn utan neyðarsvæðisins að yfirfara tryggingar sínar.

A íbúafundi í Reykjanesbæ á dögunum var upplýst um að ef



Frá Grindavík. Ljósmynd: Colli

Svartsengi lokast og hitaveitan verður óvirk geta lagnir í húsum sprungið í frosti. Og það tjón ber húseigandinn. Þess vegna þarf fólk að kynna sér hvað hægt sé að gera til að fyrirbyggja tjón við slíkar aðstæður. Það er sannarlega þörf á bakvarðarsveit iðnaðarmanna sem gæti komið til hjálpar.

## Stuðningur

Koma þarf á stöðugleika fjölskyldulífs eins og hægt er með tryggu húsnæði, frysta lán án tilkostnaðar fyrir Grindvíkinga,

tryggja fjárhagslega afkomu og sjá til þess að ráðningasamband atvinnurekenda og launafólks haldist á meðan óvissa ríkir.

Okkur hefur farnast best þegar við treystum á okkar besta fólk á sviði vísinda og almannavarna. Við búum við öflugar almannavarnir sem við getum treyst. Á sama tíma og ég sendi Grindvíkingum mínar allra bestu kveðjur vil ég þakka þeim viðbragðaðilum, vísindamönnum, heimamönnum, viðgerðarmönnum og fleiri mætti nefna sem hafa staðið vaktina dag og nótt vegna ástandsins.

Við alþingismenn þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að létta óþarfa áhyggjum af Grindvíkingum – nægar eru þær samt. Við erum í miðjum storminum og vitum ekki hvernig þessir atburðir enda en Grindvíkingar þurfa að vita að stjórnvöld standi með þeim í gegnum storminn.

*Oddný G. Harðardóttir,  
þingmaður Samfylkingarinnar  
í Suðurkjördæmi*

## Sviðsstjóri mennta- og tómstundasviðs



SUÐURNESJABÆR

### Vilt þú taka þátt í uppbyggingu á ört stækkandi sveitarfélagi á Suðurnesjum?

Suðurnesjabær óskar eftir að ráða metnaðarfullan, jákvæðan og drífandi einstakling í starf sviðsstjóra nýs sviðs sem fer með málefni er snúa að menntun, íþróttum og tómstundum. Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni til að móta og leiða öflugan hóp starfsmanna í góðu samstarfi við önnur svið og íbúa sveitarfélagsins.

Sviðsstjóri mennta- og tómstundasviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins og þeim málaflokkum sem heyra þar undir auk þess að hafa yfirumsjón með málefnum leik-, tónlistar- og grunnskóla, íþróttar- og tómstundamálum og forvarnarmálum. Suðurnesjabær sinnir velferðar- og menntamálum fyrir Sveitarfélagið Voga á grundvelli samnings á milli sveitarfélaga.

Sviðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra og situr í framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Um 100% starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á daglegum rekstri, starfsemi og framþróun sviðsins
- Ábyrgð á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið
- Ábyrgð á rekstri stofnana sem heyra undir sviðið
- Ábyrgð á fjármálum og áætlanagerð sviðsins
- Yfirumsjón með stefnumótandi verkefnum á sviði fræðslu-, íþróttar- og tómstundamála
- Framkvæði að þróun og innleiðingu verkferla, nýjunga og umbóta
- Samstarf við aðra sviðsstjóra sveitarfélagsins
- Ábyrgð á veitingu sérfræðipjónustu innan sviðsins í samvinnu við aðra stjórnendur og starfsfólk og tryggja tengingu hennar þvert á málaflokka
- Innleiðing á samþættri þjónustu vegna farsældar barna

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. uppeldis- og menntunarfræði, kennslufræði eða annað grunnnám
- Framhaldsmenntun á háskólastigi, s.s. á sviði menntavísinda eða stjórnunar er æskileg
- Leyfisbréf kennara er skilyrði
- Leiðtogaþæfni og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynsla af því að leiða breytingar
- Reynsla af stefnumótun, rekstri og teymisvinnu
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Þekking og reynsla af málaflokkum sviðsins er kostur
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Framkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund, áræðni og drifkraftur
- Mjög gott vald á íslensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Suðurnesjabær er eitt fjögurra sveitarfélaga á Suðurnesjum og eru íbúar rúmlega 4.000 talsins. Suðurnesjabær er heilsuefliandi samfélag og samanstendur af íbúakjörnum Garði og Sandgerði. Sveitarfélagið er ört stækkandi en mikil uppbygging er framundan, fjölgun íbúa og spennandi tækifæri til framtíðar á svæðinu. Nánari upplýsingar má finna á [www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is).

Umsóknarfrestur er til og með **4. desember 2023**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir ([helga@intellecta.is](mailto:helga@intellecta.is)) og Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir



## Hefur þurft að gista á fjórum stöðum með fimm manna fjölskyldu

– Þurftu að yfirgefa splunkunýtt heimili í Grindavík

„Við Grindvíkingar erum nokkurn veginn að troða marvaðann,“ segir Daníel Guðni Guðmundsson sem þurfti að flýja heimili sitt í Grindavík og hefur þurft að gista á fjórum stöðum með fimm manna fjölskyldu sína eftir að hamfarirnar í Grindavík hófust. Hann er kominn með íbúð í Vogum í einhverjar vikur en þar sem börnin hans fara í skóla í Njarðvík vill fjölskyldan helst komast í íbúð þar sem fyrst.



Danní vinnur að endurbótum á húsinu sem fjölskyldan festi kaup á nýlega.

Danní og Linda voru nýbúinn að kaupa einbýlishús í Grindavík og taka það í gegn, þegar ósköpin dundu yfir föstudaginn 10. nóvember. „Við keyptum hús í júlí og gerðum það nánast fokhelt, tókum allt í gegn nema baðherbergið og þvottaherbergið. Framkvæmdum var u.þ.b. lokið þegar við þurftum að yfirgefa nýja heimilið. Við erum búin að fá að fara og sækja dót og ég gat ekki séð neinar skemmdir en var svo sem ekki að skoða það eitthvað sérstaklega, það óskræði allavega ekkert á mig.“

Danní er frá Njarðvík og gat leitað þangað með fjölskylduna en þau voru á hrakhólum fyrstu dagana. „Við vorum fyrstu nóttina í Hafnarfirði hjá Önnu systur Lindu konunnar minnar, fórum svo til Kídda bróður í Njarðvík, þaðan á Airbnb í sex daga og erum síðan þá búin að vera í íbúð sem bróðir þabba á í Innri-Njarðvík. Við erum á leiðinni í íbúð í Vogum sem yndisleg samstarfskona mín

útvegaði okkur og við erum ofboðslega þakklát fyrir það en þar sem börnin okkar eru byrjuð í skóla og leikskóla í Njarðvík væri frábært ef við getum fengið íbúð þar.

Þetta hafa verið ofboðslega skrítnir tímar, ég held að allir Grindvíkingar séu nokkurn veginn að troða marvaðann, óvissan er svo mikil. Hvar og hvenær fer að gjósa, hvað mun það taka langan tíma og stærsta spurningin er kannski, getum við snúið til baka? Ég hef kunnað ofboðslega vel við mig í Grindavík, þaðan er konan mín og börnin okkar þekkja ekkert annað svo hugur okkar leitar þangað. Við erum nýbúin að kaupa okkur að flytja er það ekki svo einfalt. Þetta eru einfaldlega mjög skrítnir tímar sem við Grindvíkingar erum að upplifa en vonandi fer þetta allt á besta veg,“ segir Danní.

Danní kom til Grindavíkur á sínum tíma til að leika með körfuknattleikslíði Grindavíkur, þjálfaði svo kvennalið félagsins, þjálfaði



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



karlalið Njarðvíkur og tók svo við karlaliði Grindavíkur. Í dag er hann aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla Njarðvíkur en sinnir líka þjálfun yngri flokka í Grindavík.

Hvernig gengur að halda barna- og unglingastarfinu gangandi?

„Öll félög hafa boðið út faðm sinn og fyrir það erum við Grindvíkingar ofboðslega þakklátir. Rútin er svo mikilvæg fyrir börnin og það er frábært fyrir þau að geta æft með öðrum liðum. Við munum reyna hafa æfingar í Smáranum í Kópavogi, sem er ný heimavöllur Grindvíkinga, en það á eftir að koma betur í ljós. Það er mikilvægt fyrir börnin að geta hist og svo mætum við auðvitað fylktu liði á fjölliðamótin og keppum undir merkjum UMFG,“ sagði Danní.



Hjónin eru búin að gera mikið fyrir nýja húsið sitt eins og sjá má.



## Við gefumst ekki upp allt of auðveldlega



Jón Axel í leik með Grindavík á síðasta tímabili.

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGAFU VIKURFRÉTTA

– segir Grindvíkingurinn Jón Axel Guðmundsson sem leikur körfuknattleik með liði CB Lucentum Alicante á Spáni. Lið hans hefur verið á uppsiglingu og er nú í þriðja sæti LEB Oro-deildarinnar [Liga Española de Baloncesto]. Víkurfréttir heyrðu í Jóni um helgina en hugur hans er eðlilega við heimaslóðir sínar, Grindavík, þessa dagana.

„Við vorum að spila í gær svo maður er svolítið lúskraður og laminn eftir leikinn,“ sagði Jón í upphafi spjalls okkar.

Eru svolítið átök í þessu þarna á Spáni?

„Já, þetta er mjög „physical“ deild finnst manni en þetta er það sem maður er orðinn vanur eftir að hafa spilað í Evrópu í nokkur ár núna.“

Ykkur gengur ágætlega, þið eruð að blanda ykkur í toppbaráttuna.

„Já, við erum búinir að vinna fjóra leiki í röð held ég. Við byrjuðum svolítið illa, erum með marga unga stráka sem hafa aldrei spilað í LEB Oro áður. Núna erum við að vinna okkur virðingu frá dómurum og öðrum, það kemur hægt og rólega. Svo erum við bara að læra á hvern annan á hverjum einasta degi.“

Jón segir þá æfa stíft og liðið verði betra og betra með hverjum deginum. Hann segir að sér sjálfum gangi mjög vel og sé mjög ánægður með sína stöðu í liðinu. „Svo erum við með marga góða stráka á hópnunum þannig að ef maður á slæman dag þá eru alltaf fjórir, fimm gæjar sem geta stigið upp. Það er mjög þægilegt þegar maður er kannski ekki á sínum besta leik.“

Dáir Alicante

Jón Axel er á sínu fyrsta tímabili í Alicante og við spyrjum hann hvernig hann kunnir við sig þar.

„Ég dáir Alicante, það eru tuttugu til tuttugu og fimm gráður á hverjum einasta degi núna. Ef maður kemur frá Íslandi þá er það ekki slæmur dagur að sumri til – ég held að ég hafi ekki farið einu sinni í síðbuxur síðan ég kom hingað í september. Það er mjög þægilegt og eitthvað sem ég er alveg til í að venjast.“

Þinn ferill er búinn að fara víða.

„Já, maður er búinn að fara í þó nokkur lönd í gegnum ferilinn,“ segir Jón. „Það er bara gaman að upplifa eitthvað nýtt, upplifa nýja menningu og læra eitthvað í hverju tungumáli. Þó spænskan sé kannski sterkasta tungumálið eftir framhaldsskóla talar maður

ÍÐRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



samt ekkert spænsku reiprennandi allan daginn – en maður reynir sitt besta.“

Jón hefur farið tvisvar í sumar- búðir NBA þar sem hann hefur náð að vekja athygli stórra liða og verið nærri því að ná inn í NBA-deildina. „Ég fór einu sinni með Phoenix Suns og svo var ég í æfingabúðum með Golden State Warriors líka,“ segir hann og bætir við að hann sé ekkert búinn að gefa NBA-drauminn upp á batinum.

Jóni líður vel á Alicante en hann er einn eins og staðan er núna. „Það er fínt líka inn á milli, þá getur maður kynnst liðsfélögum sínum betur og við höngum mikið saman, förum út að borða eða eitthvað sem við getum gert til að verða sem besta liðsheildin þegar að Playoffs kemur.“

En á sama tíma og þú ert í toppmálum á Alicante þá dynja hörmungarnar yfir Grindavík, þaðan sem þú ert.

„Já, það eru góðir og slæmir tíma í þessu. Núna eru góðir tímar hjá mér úti í Alicante en á sama tíma mjög slæmir fyrir bæinn minn og fjölskylduna mína. Þetta eru blendnar tilfinningar og þá er gott að vera aðeins fjárrí þessu en á sama tíma erfitt líka vegna þess að maður veit lítið og maður er hringir í foreldra sína á hverjum degi til að spyrja hvað sé að fréttu að þeim, hvernig gangi og svo er maður að spá í hvað gerist næst hjá þeim en þau vita náttúrulega ekkert, þau vita jafn mikið og ég. Þetta eru blendnar tilfinningar en ég held að það eina sem maður getur gert sem Grindvíkingur er að bera höfuðið hátt og vona það besta, að það séu bjartari tímar framundan – og ég held að flestir Grindvíkingar séu staðráðnir í að halda áfram, halda samheldninni sem Grindavík er þekkt fyrir og við munum komast aftur inn í okkar bæjarfélag og gera gott úr því. Við erum ekki að fara að gefast upp svona auðveldlega – það er það sem hefur einkennt Grindvíkinga í íþróttum og daglegu lífi, við gefumst ekki upp allt of auðveldlega.“

Allt viðtalið við Jón Axel má sjá og heyra í rafrænni útgáfu Víkurfréttar, vf.is og á YouTube-rás Víkurfréttar.



## Elsa og Benedikt stigahæst á Íslandsmeistaramóti

Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum unglunga og öldunga fór fram á Akranesi í líkamsræktarstöðu Ægis þann 18.nóvember. Góð þátttaka var í mótinu og voru 81 keppendur skráðir. Keppendur frá Massa voru níu talsins, þrjár konur og sex karlar, og bættu þau nokkur Íslandsmet.

### Sub-junior

Örlygur Svanur Aðalsteinsson -66 kg  
Hnébrygja: 80 kg  
Bekkpessa: 60 kg  
Réttstöðulyfta: 120 kg  
Samantals: 260 kg

### Junior

Daniel Patrick Riley -74 kg  
Hnébrygja: 192,5 kg  
Bekkpessa: 127,5 kg  
Réttstöðulyfta: 202,5 kg  
Samantalt: 522,5 kg – fyrsta sæti og náði hann lágmarkum til að keppa á EM á næsta ári.

### Hulda Ósk Blöndal +84 kg

Hnébrygja: 112,5 kg  
Bekkpessa: 62,5 kg  
Réttstöðulyfta: 125 kg  
Samantalt: 300 kg og annað sæti í sínum flokki

### Master 1

Benedikt Björnsson -93 kg  
Hnébrygja: 220 kg  
Bekkpessa: 140 kg  
Réttstöðulyfta: 260 kg – nýtt Íslandsmet  
Samantalt: 620 – fyrsta sæti og stigahæstur í mastersflokki karla.

### Þóra Kristín Hjaltadóttir -84 kg flokki

Hnébrygja: 127,5 kg  
Bekkpessa: 77,5 kg  
Réttstöðulyfta: 152,5 kg  
Samantalt: 357,5 kg – fyrsta sæti

### Master 2

Ólafur Björn Borgarsson -120 kg  
Hnébrygja: 197,5 kg  
Bekkpessa: 122,5 kg  
Réttstöðulyfta: 175 kg  
Samantalt: 495 kg – annað sæti

### Master 3

Elsa Pálsdóttir -76 kg  
Hnébrygja: 150 kg – Íslandsmet  
Bekkpessa: 70 kg – Íslandsmet  
Réttstöðulyfta: 171 kg – Íslandsmet  
Samantalt: 391 kg – fyrsta sæti, flest Íslandsmet og stigahæst kvenna.

### Hörður Birkisson -74 kg

Hnébrygja: 175,5 kg – Íslandsmet  
Bekkpessa: 90 kg  
Réttstöðulyfta: 195,5 kg Íslandsmet  
Samantalt: 461 kg – fyrsta sæti

### Jens Elís Kristinsson -105 kg

Hnébrygja: 150 kg  
Bekkpessa: 110 kg  
Réttstöðulyfta: 200 kg  
Samantalt: 460 kg – fyrsta sæti



Glæsilegur árangur hjá keppendum Massa en hægt verður að sjá myndir frá mótinu á Facebook-síðu Massa [<https://www.facebook.com/massilyftingardeild/>].

Úrslit frá mótinu má nálgast á heimasíðu Kraft [<https://results.kraft.is/meet/kraft-im-i-klassiskum-kraftlyftingum-unglinga-og-oldunga-2023>].

## 1X2 „BRUMAÐ Á PRETTÁN“

# Tipparar hittast á Brons

Tippleikur Víkurfrétta snýr aftur eftir landsleikjahlé en eins og fram koma í síðasta blaði sló Njarðvíkingurinn Hámundur Örn Helgason Voga-mærina Petru Ruth Rúnarsdóttur út síðast þegar var tippað. Þar sem tipparar geta líkt stutt við bakið á Golfklúbbsu Suðurnesja kemur áskorandinn úr þeirra röðum en hann er enginn annar en fyrrum atvinnumaðurinn í knattspyrnu, Jóhann Birnir Guðmundsson.

Veitingastaðurinn Brons mun í fyrsta skipti hýsa tippþjófnustuna en von er á Grindvíkingum sem hafa alltaf verið duglegir að tippa í Gula húsinu sínu við knattspyrnuvöllinn. Það verður bið á því að grindvískir tipparar tippi þar og bjóða eigendum Brons þá velkomna til sín á laugardaginn en þá er heldur betur stórleikur, Manchester City – Liverpool. Kjörð tækifæri að fá sér gott í gogginn, horfa á leikinn, spá í seðil dagsins og styðja við bakið á sínu félagi en 26% af verði getraunaseðilsins rennur til þess félags sem hakað er við.

Jóhann segist aldrei hafa tapað fyrir Njarðvík og ætlar ekki að byrja á því núna. Hann er líklega þekktastur fyrir að hafa leikið með Watford í ensku úrvalsdeildinni en hann lék sem atvinnumaður um ellefu ára skeið. „Ég er úr Garðinum og hóf meistara-flokksferilinn með Víði árið 1993. Færði mig svo yfir til Keflavíkur en var svo keyptur til Watford í Englandi í lok félagskiptagluggans í mars 1998. Þá voru þeir að berjast um að komast upp í Championship-deildina [önnur efsta deildin í Englandi] og það tókst. Ég kom ekkert við sögu á þessum fáu mánuðum það tímabilið en spilaði mikið árið eftir þegar við tryggðum okkur sæti í Premier League í gegnum Playoffs. Við féllum strax og ég tók næsta tímabil með þeim líka en færði mig þá yfir til Lyn í Noregi. Lauk atvinnumannafélinum í Svíþjóð og spilaði með Örgryte og GAIS. Svo kom ég heim og spilaði upp að fertugu með Keflavík en eftir fótboltaferilinn tók golfið við. Ég hellti mér strax á fullu í golfið, náði fljótlega góðum tökum og er með níu í forgjöf í dag. Ég er í GS og stefni á að spila sem mest en spurning hvort ég hafi tíma, ég er bæði að vinna fyrir barnaverndarnefnd Suðurnesja-bæjar og þjálfari ÍR í fótboltanum. Við tryggðum okkur sæti í Lengjudeildinni og það verður gaman að koma á Suðurnesin næsta sumar og mæta Keflavík, Njarðvík og Grindavík,“ sagði Jóhann.

Hámundur var að sjálfsgöðu ánægður með sigurinn gegn Petru og ætlar sér að staldra lengur á toppnum en hún og Eva gerðu, helst vill Hámundur velja Jónasi úr sessi sem forystusauði. Hámundur, sem er framkvæmdastjóri Njarðvíkur, á von á því að einhver frá knattspyrnudeild Njarðvíkur mæti á Brons í hádeginu á laugardaginn. „Ég mun leggja mig allan fram svo þessi skemmtilega hefð festi sig í sessi hjá okkur Njarðvíkingum. Ég veit hversu góður andi getur myndast í kringum svona lagað og mjög gaman þegar menn og konur koma saman á laugardegi, skrafa um hversdagsmálefni og tippa. Kjörð tækifæri að hefja þessa hefð á laugardaginn, mæta á Brons um hádegisbil, ekki síst til að styðja við bakið á Grindvíkingum en Brons mun halda samverustund fyrir Grindvíkinga og aðra gesti sem hefst kl. 14. Ég mun sko ekki láta mig vanta,“ sagði Hámundur.



Hámundur	Seðill helgarinnar	Jóhann
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Brentford - Arsenal	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Newcastle - Chelsea	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Nott.Forest - Brighton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Burnley - West Ham	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Luton - Crystal Palace	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Utd. - Bournemouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Bristol City - Middlesbrough	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Huddersfield - Southampton	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Millwall - Coventry	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Plymouth - Sunderland	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Preston - Cardiff	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Stoke - Blackburn	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Swansea - Hull	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

## Störf í boði á Réttinum

### Framtíðarstarf í eldhúsi og afgreiðslu

Aðstoð í eldhúsi og afgreiða mat í sal ásamt öllum þrifum sem fylgja því.

Taka á móti viðskiptavinum með bros á vör og geta unnið á afgreiðslukerfi veitingastaðarins.

Rétturinn er veitingastaður sem þjónustar fyrirtæki og aðra viðskiptavinum með heimilismat í hádeginu á virkum dögum.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Getað unnið vel, vera sjálfstæð og geta tekið ábendingum.
- Vera partur af góðu starfsfólki á Réttinum.
- Góð vinnuástand er algjört skilyrði.

Unnið á virkum dögum frá 8:00 til 16:00

### Matreiðslumaður í framtíðarstarf

Rétturinn óskar eftir því að ráða matreiðslumeistara í fullt starf virka daga.

Um framtíðarstarf er að ræða á fjölskylduvænum vinnustað í hjarta Reykjanesbæjar.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið felur í sér framleiðslu og eldun á mat, matseðlagerð, yfirumsjón með starfsfólki í eldhúsi og innkaup.

Rétturinn býður upp á vandaðan heimilismat í hádeginu alla virka daga. Hundruðir gesta heimsækja Réttinn daglega og við sendum einnig mat út til fyrirtækja í Reykjanesbæ.

Unnið á virkum dögum frá 8:00 til 16:00

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsskólamenntun.
- Vera góður leiðtogi og geta unnið í hóp.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinsbréf í matreiðslu
- Vera góður leiðtogi og geta unnið í hóp.





ÍRISAR VALSDÓTTUR

## Sértu velkomin heim

Við keyrum eftir Reykjanesbrautinni í gamalkunnri hálkunni og skafrenningi. Flugstöðin er að hverfa okkur úr augnsýn og við okkur blasir bærinn. Fallegi bærinn minn. Enn með hellurnar í eyrunum og jólaprófin í töskunni spjalla ég við þabba, sem iðulega sækir mig á flugvöllinn þegar fjórirðið vill heim, og bíð full tilhlökkunar eftir því að komast inn um dyrnar heima. Ganga inn í hlýlegt húsið og bera gamla jóla-skrautið okkar augum enn eitt árið. Finna heimilislyktina og um leið öryggið. Fá fjölskylduhundinn hlaupandi í fangið og henda mér svo á rúmið mitt eftir langt ferðalag. Hvergi betra að vera.

Mér verður hugsað til allra þeirra skipta sem ég kom heim í frí þau sex ár sem ég bjó á Spáni. Að koma heim á bestu tímum ársins, í jólasjarmann og svo aftur yfir hjartasta tíma ársins. Tilfinningin var engri lík. Að ganga um borð í flugvélina og heyra í fyrsta skipti í langan tíma flugfreyjurnar bjóða mér góðan daginn á mínu móðurmáli. Fá mér appelsín og íslenskt súkkulaði með alvöru lakkris á leiðinni. Flugmaðurinn bauð okkur velkomin heim þegar hjólin snertu loks flugbrautina á skerinu.

Heim. Heim að knúsa fjölskylduna, ömmu og afa, vinina og gæludýrin. Heim í rúmið mitt. Heim þar sem hvert götuhorn, hver sjoppa og hvert kennileiti vekur upp minningar frá æsku- og unglingsárunum. Þar sem maður sér kunnuleg andlit hvert sem maður fer. Meira að segja fann ég hvað ég hafði saknað flugvélagnsins, eins mikið og ég þoldi hann ekki hér áður fyrr. Taka gamla góða rúntinn upp og niður Hafnar-götuna og stoppa í einn Villaborgara, bragðaref eða karamellusnúð. Það var toppurinn á tilverunni.

Þið kannist eflaust við tilfinninguna við að koma heim í kotíð ykkar eftir langt sumarfrí erlendis. Það myndu fáir leggja af stað ef þeir vissu að þeir ættu ekki afturkvæmt. Ég veit að ég hefði aldrei farið nema vera viss um það að ég kæmist aftur heim. Nú er hinsvegar stór hópur fólks sem á engra annarra kosta vól en að halda sig fjarri heimilum sínum, ýmist vegna náttúruhamfara eða stríðsátaka. Það er ekki öruggt að vera heima þó að heima sé best. Það sem áður myndaði eina samstæða heild hefur nú sundrast í allar áttir í leit að nýjum gríðarstöðum. Þar sem allt annað þarf að víkja fyrir aðlögunarfærni heilla fjölskyldna í óvissu. Minningasköpunin heldur ótraud áfram í takt við tímann, hvort sem hún er góð eða slæm. Flestir hugsa þó heim og myndu hvergi annarstaðar vilja vera en einmitt þar.



Starfsfólkið var í mogunkaffi þegar ljósmyndara VF bar að. VF/pket

■ Afgreiðir mat í 150 manns en var með eitt þúsund fyrir hamfarirnar:

# Enn eitt áfallið hjá Höllu veitingakonu

„Við erum með mjög skerta starfsemi en vonumst til að geta bætt í. Við erum að afgreiða um 150 matarskammta á dag en vorum þegar allt var í gangi að afgreiða ofan í eitt þúsund manns á dag,“ segir Halla María Svansdóttir, veitingakona úr Grindavík.

Hún hefur fengið inni með hluta starfseminnar á góðum stað í Reykjanesbæ. Höggið vegna ástandsins í Grindavík hefur komið þungt niður á Höllu eins og mörgum fyrirtækjum í bæjar-

félaginu. Hún er með þrettán ára gamalt fyrirtæki, tvo veitingastaði, veisluþjónustu og heimsendingarþjónustu á mat og fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt á þeim tíma.

„Við vorum á fundi fyrir stuttu síðan þegar ástandið var ekki orðið slæmt og við vorum bara að horfa til framtíðar. Hittum forráðamenn Isavia sem buðu okkur að lengja samninginn með veitingastaðinn í flugstöðinni. Við vorum til í það. Ég sagði að það ætti að ganga ef það kæmi ekki gos. Þó það hafi ekki enn komið þá má líkja ástandinu við stórt gos. Þetta eru hamfarir.“

Fyrir fimm árum settust þau Halla María og Páll maður hennar niður og gerðu rekstraráætlun áður en þau tóku ákvörðun um að hefja rekstur í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Fjórðingurinn var mikil og því hugsuðu þau sig vel um. Þau fengu síðan tækifæri til að opna veitingastað sem þau og gerðu en



Halla María Svansdóttir setur djúsin sinn vinsæla á flöskur.

Á myndinni til vinstri: Öll matvaran á veitingastaðnum í Grindavík endaði í ruslinu eftir sólarhrings rafmagnsleysi.

Mynd: Kristinn Magnússon

nokkrum mánuðum síðar komu óvænt áföll. Flugfélagið WOW féll, Max flugvélar Icelandair voru stoppaðar og þetta hafði mikil áhrif

á ferðamannastrauminn til Íslands. Ekki löngu seinna kom heimsfaraldur og að honum afstöðnum gátu Halla og Páll horft fram á veginn, eða héldu það. „Já, þetta er ótrúlegt. Margar hindranir og truflanir sem hafa komið á stuttum tíma,“ segir Halla þegar hún er spurð út í þetta.

Hún segir að þrátt fyrir allt standi þau ennþá uppi en nú sé bara að vona það besta. „Maður finnur það þegar maður vaknar á morgnana að maður saknar þess að geta ekki labbað í vinnuna og gert það sem við vorum að gera og gekk vel. Við og foreldrar okkar búum ekki lengur í bænum okkar heldur á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu og amma er í Borgarnesi. Vinkona mín var rétt hjá og börnin léku sér saman. Starfsfólkið mitt bjó nánast allt í Grindavík og er hér og þar. Sumar konurnar eru búnar að vera með mér frá upphafi. Við höfum verið eins og stór fjölskylda öll saman og konurnar og fjölskyldan eru hér með okkur í þessu. Þetta er rosaleg breyting en við vonum það besta. Getum ekki annað.“

## Atvinnuhúsnæði til útleigu?

Reykjanesbær óskar eftir upplýsingum um atvinnuhúsnæði í bæjarfélaginu sem er laust til útleigu. Nánari upplýsingar fást í síma 420 3226 eða í gegnum netfangið atvinnumal@reykjanesbaer.is.

Atvinnu- og hafnarvið Reykjanesbæjar

REYKJANESHÖFN

Páll Ketilsson  
pket@vf.is